

Í. Agnarssyni 3,0115%, Guðlaugi Guðjónssyni 2,5893%, Ársæli Sigbjörnssyni 2,3734%, Stefáni Þór 2,3243%, Marínó Einarssyni 2,0488%, Rúnari Sveinssyni 2,3243%, Ágúst Eiðssyni 2,1363%, Kurt Eichmann 2,1363%, Kristjáni Sumarliðasyni 2,1363%, Guðmundi Pálmasyni 2,1363%, Magnúsi Karlssyni 2,1363%, Magnúsi Birgissyni 2,1363%, Þór Jakob Einarssyni 2,1363%, Ragnari Antonssyni 2,0488%, Þorvarði Jónssyni 2,0488, Skúla Sævarssyni 2,0488%, Gísla Jóhannessyni 2,0488, Stefáni Harðarsyni 2,0488% og Skúla Hansen 2,0488%.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í b/v Apríl HF 347 fyrir framan- greindum fjárhæðum.

Stefnda Portland hf. á að vera sýkn af öllum kröfum framan- greindra stefnenda í máli þessu en ber sjálft kostnað sinn af málinu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. júní 1986.

Nr. 167/1986. Ákærvaldið

gegn

Magnúsi Friðrik Óskarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. þ.m. sem barst Hæstarétti 23. þ.m. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurð- ar.

Niðurstaða krufningsrannsóknar liggur nú fyrir

Fram er komin krafa um að varnaraðili sæti rannsókn á geðheil- brigði sínu og sakhæfi.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 21. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að gæsluvarðhald, sem Magnúsi Friðriki Óskarssyni, Ferjubakka 10, fæddum 17. september 1948, var gert að sæta með úrskurði sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 7. maí sl., verði fram-
lengt frá lokum þeirrar gæsluvarðhaldsvistar til miðvikudagsins 3. september nk. kl. 17:00 Þá er þess krafist að kærði sæti rannsókn á geðheil-
brigði sínu og sakhæfi.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Þann 6. maí sl. kl. 06:43 var óskað aðstoðar RLR að Ferjubakka 10 vegna mannláts. Reyndist Gunnhildur Gunnarsdóttir, eiginkona kærða hafa verið flutt á slysadeild Borgarspítalans en reynst látin er þangað kom. Voru 4 menn, sem í íbúðinni voru, handteknir og var einn þeirra kærði.

Á líki hinar látnu voru áverkar sem upplýst er að hún hlaut í átökum við kærða. Hefur kærði kannast við að hafa keflað Gunnhildi með skyrtu-
bol þannig að bolurinn var inni í munninum á henni við bæði munnvikin og síðan bundið hendur hennar og fætur fyrir aftan bak og skilið hana eftir liggjandi á hægri hlið. Nokkru síðar fór kærði aftur inn til Gunnhildar en varð ekki var við lífsmark með henni eftir að hann hafði leyst hana úr fjötrum.

Niðurstaða krufningsrannsóknar liggur ekki fyrir en samkvæmt upplýs-
ingum Gunnlaugs Geirssonar prófessors er dánarorsökin asphyxia eða köfnun en í lungum hennar var mikill slímhroði sem hún hefur ekki getað komið frá sér.

Með hliðsjón af framansögðu og því að kærði er grunaður um brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að taka kröfu RLR til greina, sbr. 1. og 4. t.l. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og skal kærði sæta gæslu-
varðhaldi allt til miðvikudagsins 3. september 1986 kl. 17:00.

Þá þykir rétt með vísan til 2. t.l. d-liðar 75. gr. laga nr. 74, 1974 að kærði sæti geðrannsókn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Magnús Friðrik Óskarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. september 1986 kl. 17:00.

Kærði skal á gæsluvarðhaldstímanum sæta rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi.

Þriðjudaginn 3. júní 1986.

Nr. 79/1985. **Þuríður Sævarsdóttir**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Skattar. Lögtak. Kvaðaarfur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. apríl 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 29/1885. Áfrýjandi krefst þess að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði felld úr gildi og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með erfðaskrá 26. júní 1964 arfleiddi Thyra Loftsson dóttur-dóttur sína, áfrýjanda máls þessa, að 15/16 hlutum húseignarinnar nr. 19 við Sóleyjargötu hér í borg, en mælti jafnframt fyrir um að eftir fráfall sitt mætti eigi selja eða veðsetja eignina fyrr en í fyrsta lagi 1998. Thyra Loftsson andaðist 23. október 1970. Við lok skipta á dánarbúi hennar var þinglýst skiptayfirlýsingu og var arfur áfrýjanda þar bundinn þeirri kvöð að ekki mætti selja hana eða veðsetja „fyrir en í fyrsta lagi árið 1998.“